

Starfsáætlun Krílabæjar

skólaárið 2024-2025



Inngangur

Hér gefur á að líta áætlun um leikskólastarf Krílabæjar skólaárið 2024-2025. Skipulag og megin áherslur í starfinu ásamt upplýsingum um samstarf við aðrar deildir Þingeyjarskóla, öryggisáætlun og vinnulag starfsfólks.

Helstu markmið skólaársins 2024-2025

Helstu markmið skólaársins er að öllum líði vel, finni sig velkomin og örugg og fái að njóta sín sem einstaklingar innan hópsins. Enn fremur að efla alhliða þroska barnsins svo það megi verða andlega og líkamlega sterkur einstaklingur sem geti tekið þátt í lýðræðis þjóðfélagi, efla sjálfsmynd, sjálfsöryggi og sjálfshjálp þess. Að barnið læri að vera í hóp og taka tillit til annarra og því leggjum við áherslu á einkunnarorð leikskólans *vinátta, virðing, vellíðan*.

Enn fremur að starfið endurspegli nýja námskrá sem er í smíðum og mun vonandi verða tilbúin á haustdögum. Áframhaldandi innlögn á *jákvæðum aga* og TMT.

Um skólann

Leikskólinn Krílabær er til húsa í fyrrum kennsluhúsnæði Litlulaugaskóla á Laugum. Hann er einnar deildar leikskóli og eru börnin mest saman þvert á árganga, en þó skipt upp í hópa eftir þörfum og verkefnum. Húsnæðið er rúmgott og einnig höfum við gott útileiksvæði sem nýlega er búið að taka í gegn. Matur er framreiddur af matráði í leikskólanum, en starfsmenn á deild sjá um morgunverð og nónhressingu. Umhverfi leikskólans er kjörið til vettvangsferða og náttúruskoðana sem og almennrar hreyfingar.

Í Krílabæ mun á haustmánuðum vera sami barnafjöldi og síðasta vetur þ.e. 5 börn á aldrinum 2-4 ára. Starfsmenn eru 3 auk matráðar. Einnig mun tónlistarkennari koma og kenna 1 tíma í viku. Íþróttakennslu munum við annast eins og síðastliðinn vetur. Við höfum aðgengi að sálfræðiþjónustu frá sálfræðistofunni *Heilsa og sál* fram að áramótum en þá tekur við skólasálfræðingur Þingeyjarskóla, einnig höfum við aðgang að talmeinafræðingi sem sinnir skólum Þingeyjarsveitar.

Fræðslu og velferðarnefnd Þingeyjarsveitar starfar í umboði sveitarstjórnar samkvæmt erindisbréfi frá 2022. Henni er ætlað að vera sveitarstjórn til ráðgjafar í málefnum leik- og grunnskóla.

Leikskólinn Krílabær er deild í Þingeyjarskóla. Skólastjóri Þingeyjarskóla er jafnframt skólastjóri Leikskólans Krílabæjar og ber því ábyrgð á rekstri leikskólans og að unnið sé eftir þeim lögum og reglum sem að honum lúta. Deildarstjóri leikskólans sinnir hefðbundinni deildarstjórn, leiðir faglegt starf, sinnir verkstjórn og skipulagningu og er auk þess staðgengill skólastjóra á sinni deild í fjarveru skólastjóra.

Þemu

Þemu skólaársins 2024-2025 munu ef til vill ekki hafa mjög skýran tímaramma heldur taka mið af áhuga barnanna og hvert efnið leiðir okkur .

- ✓ Í ágúst munum við vinna með náttúruna og safna að okkur efniviði til að vinna með þegar ekki er hægt að vera úti.
 - ✓ Í september, vináttuþema
 - ✓ Í október, áfram vináttuþema
 - ✓ Í nóvember, himingeimurinn
- ✓ Í desember, munum við reyna að hafa huggulega daga með ró og gleði. Brjótum upp hversdaginn með ýmsu sem tengist jólum,
- ✓ Í janúar, febrúar munum við gefa gömlum tíma pláss í starfi okkar, skoða efnivið, hífýli manna áður fyrr, leikföng fyrri tíma, tímatal og það sem nú er kallaður *Þorramatur*. Þá munum við einnig bjóða herraönnunum og hefðarkonum í kaffi.
 - ✓ Í mars verðum við enn í gamla tímanum
- ✓ Í apríl og maí, er það vorið, hvernig allt vaknar af vetrarblundi, fuglar, blóm og sauðburður og nærumhverfið.
- ✓ Í júní njótum við þess að leika okkur, fara í vettvangsferðir og njóta sumarsins. Skoða blómin sem lifna eitt af öðru.

Leikskóladagatal

Er aðgengilegt á heimasíðu leikskólans. [KriLabær \(thingeyjarskoli.is\)](http://KriLabær(thingeyjarskoli.is))

Öryggishandbók

Í leikskólanum Krílabæ skal tryggja börnum öruggt umhverfi og er þar stuðst við [Handbók um velferð og öryggi barna í leikskólum](#), sem Mennta- og menningarmálaráðuneytið gaf út árið 2014 og uppfærði í maí 2021.

Mætingalisti er rafrænn í [Karellen](#) þar eru börnin skráð inn og út við heimför, þar eru einnig skráð matar- og svefnmál barnanna. Ef um persónuleg mál er að ræða eiga þau sér stað maður á mann eða með síma/tölvusamskiptum. Lögð er áhersla á að allir séu meðvitaðir um fjölda barna á hverjum stað hverju sinni.

Úttekt er gerð reglulega af opinberum aðilum á lóð leikskólans. Eftir slíkar úttektir ber skólastjóri ábyrgð ásamt deildarstjóra að úrbætur verði gerðar þar sem þeirra er þörf.

Neyðarkort með upplýsingum um hvert barn er í alrými þar sem það er aðgengilegt öllum. Þar eru skráð símanúmer foreldra og annarra þeirra sem leita skal til ef ekki næst í foreldra þegar þörf er á. Upplýsingar um ofnæmi eða annað sem þörf er á að vita er einnig geymdar á ákveðnum stað og kynntar starfsfólki.

Ef slys ber að höndum eru aðstæður metnar og öðrum börnum komið út úr aðstæðum, hlúð að þeim slasaða og haft samband við foreldra og aðra sem málið varðar, allt eftir alvarleika málsins. Mikilvægt er að starfsmenn haldi *alltaf* ró sinni. Slysaskráningar eru gerðar og tilkynntar til viðeigandi tryggingafélags.

Aðlögun

Í leikskólanum Krílabæ er svokölluð *þátttökuaðlögun*, sem byggist á þeirri hugmyndafræði að barnið læri að vera í nýjum aðstæðum og það öðlist öryggi í gegnum foreldra sína. Eins og nafnið ber með sér þá eru foreldrar þátttakendur frá fyrsta degi barnsins í leikskólanum og fá þannig tækifæri til að kynnst dagskipulaginu, starfsfólkinu, húsnæðinu og því starfi og námi sem fram fer í leikskólanum. Þannig öðlast foreldrar öryggi sem smitar út til barnanna að leikskólinn sé öruggur staður til að vera á. (Kristín Dýrfjörð 2009) Áætlun fyrir þátttökuaðlögun er oftast 4 dagar en þó metum við það eftir hverju barni hve langan tíma við gefum okkur.

Foreldrar eru með börnum sínum allan tímann, sinna þeim í leik og mat sem og skipta á þeim en starfsfólk leikskólans eru þó einnig virkir þátttakendur.

Foreldrar prófa á einhverjum tímapunkti að láta sig hverfa smá stund, (geta

skroppið á kaffistofuna). Mælt er með því að barnið verði sótt í fyrra falli fyrstu dagana eftir að aðlögun lýkur.

Jákvæður agi

Jákvæður agi verður áfram ein meginstoð í starfi leikskólans Krílabæjar. Þar ber hæst talsmáti og jákvæð framkoma starfsfólks. Við æfum okkur í að hlusta á hvert annað, búum til barnafundi þar sem við leggjum inn ýmislegt sem tengist JA eða TMT (tákn með tali) og leitum lausna, sem og höldum áfram mikilvægi þess að hafa hlutverk.

Samstarf við grunnskóla

Skólaárið 2024-2025 eru engin börn í elsta hópi leikskólans og því mun samstarfið við grunnskólann bera þess merki.

Innra mat og matsáætlun

Í 18.gr laga um leikskóla nr.90/2008 er kveðið á um að hver leikskóli skuli meta með kerfisbundnum hætti árangur og gæði í skólastarfi.

Mat á leikskólastarfi er með ýmsum hætti og skiptist í innra og ytra mat.

Innra mati er ætlað að veita aðilum skólasamfélagsins og fræðsluyfirvöldum upplýsingar um skólastarfið, árangur þess og þróun. Með kerfisbundnu mati er greint og metið hvað gengur vel, hvað má betur fara og ákvarðanir um umbætur teknar á grundvelli niðurstaðna. Við innra mat er tekið tillit til sjónarmiða þeirra sem að leikskólastarfinu koma. Þar eru starfsfólk leikskólans, foreldrar og börn mikilvægustu þátttakendurnir og því mikilvægt að þeir fái tækifæri til að velta fyrir sér starfinu og ræða sín á milli. Stjórnendur og starfsfólk funda reglulega til að meta stöðu innra mats og vinna að tillögum til úrbóta jafnt fyrir einstaklinga sem og hópinn.

Unnið er út frá eftirfarandi spurningum:

Hversu vel stöndum við okkur?

Hvernig vitum við það?

Hverjir eru okkar styrkleikar og hvað þurfum við að bæta?

Hvað þurfum við að gera til að verða enn betri?

Á haustdögum 2024 verður lokið við að ákveða markmið

Matsáætlun til næstu ára

Viðfangsefni	2024-2025	2025-2026	2026-2027	2027-2028
Stjórnun				
Stjórnandi sem faglegur leiðtogi	x		x	
Stjórnun leikskólans og daglegur rekstur	x		x	
Faglegt samstarf		x		x
Leikskólaþróun og starfsþróun		x		x
Skólanámskrá, starfsáætlun, áætlanir og verklagsreglur	x	x	x	x
Uppeldis-og menntastarf				
Skipulag náms og námsaðstæður	x	x	x	x
Uppeldi, menntun og starfshættir	x	x	x	x
Leikur og nám-lýðræði, jafnrétti og þátttaka barna		x		x
Námsvið leikskólans	x	x	x	x
Leikskóli án aðgreiningar		x		x
Mat á námi og velferð barna	x	x	x	x
Mannauður				
Hlutverk leikskóakennara	x		x	
Fagmennska starfsfólks	x		x	
Starfsánægja		x		x
	x		x	
Leikskólabragur				
Viðmót og menning	x		x	
Velferð og líðan barna	x	x	x	x
Þátttaka foreldra í leikskólastarfi og upplýsingamiðlun		x		x
Viðhorf foreldra		x		x
Innra mat				
Framkvæmd		x		x
Gagnaöflun og vinnubrögð		x		x
Opinber birting og umbætur		x		x

Matið á að vera samfið daglegu starfi, þannig að gagnaöflun eigi sér stað í gegnum leik úti sem inni, í skipulögðu starfi í námi og leik. Þá þarf að gæta þess að raddir allra fái að heyrast þ.e. frá starfsfólki, börnum og foreldrum.

Námsmarkmið

Námsmarkmið í Náttúru- og umhverfi fyrir 2-4 ára

Sjálfbærni	Umhverfi	Þemadagar
Börnunum kennt að flokka ruslið, pappír, plast og lífrænan úrgang	Náttúruskoðun í nærumhverfi skólans	Heimsókn á bóndabæ og fræðst um dýrin sem þar eru
Kenna börnunum að fara sparlega með handþurrkur, eitt blað í einu	Farið í ferðir til að týna rusl. Lögð er áhersla á að ganga vel um úti og inni.	Gróðursetning blóma og grænmetis, hvað þarf til að geta ræktað
Kenna börnunum hófsemi, það er nóg að fá einn dropa af sápu við handþvottinn	Förum yfir umferðarreglurnar og hvað þarf að varast þegar við erum úti, hvar eigum við að ganga þegar eru engar gangstéttar	Náttúru, blóma og skordýradagar að vori og sumri, lífríkið í tjörninni skoðað
Kenna börnunum að fara sparlega með vatnið og allt annað sem við notum	Lærum heiti á plöntum og dýrum sem við finnum í nærumhverfi okkar	
Kenna börnunum að ganga vel um og bera virðingu fyrir hlutum sem við notum. (leikföng, umhverfi)		
Kenna börnunum að skammta sér passlega á diskinn, alltaf hægt að fá meira ef þau eru ekki orðin södd		
Kenna börnunum að vinna úr endurnýtanlegu hráefni og fræðast um endurnýtingu		

Kennum börnunum að bera virðingu fyrir náttúrunni og þau læri að njóta hennar og þess sem hún gefur okkur.

Námsmarkmið í læsi 2 -4 ára

Lesskilningur	Ritun	Talað mál og hlustun	Hljóðkerfisvitund
Lesi bækur daglega, spyrja börnin út í efnið jafnóðum	Myndrænt skipulag haft sýnilegt	Efla orðaforða með því að setja orð á allar athafnir og hluti	Klappa atkvæði í nöfnum og hlutum, vinna með taktinn
Tengja efnið við reynsluheim barnanna	Myndræn viðveruskrá barna höfð sýnileg	Söngur, þulur og vísur	Tengja saman hljóð og staf
Söngstund á hverjum degi	Stafir og stafróf haft sýnilegt	Sögur, lestur og hlustun	Æfa hlustun með lestri, tónlist og leikjum
Útskýra orð og hugtök jafnóðum og þau koma fyrir	Leikið með stafi	Að leiðrétta með því að endurtaka setningar rétt	Fara í minnisleiki
Vinna með hugtökin lítill/stór, undir/yfir	Teikningar og önnur listsköpun höfð sýnileg	Fjölga orðum í setningum með því að endurtaka og bæta við orðum	Læra vísur, þulur og sönglög
Vinna með liti og flokkun hluta	Merkingar með nöfnum á borðum og stólum	Spyrja spurninga og bíða eftir svari	Vinna með rím, bullorð í byrjun og síðan algeng orð
Orðaforði, skynfæri og líkamshlutar	Börnin læri stafinn sinn hvað hann heitir og hvað hann segir	Persónufornöfn, ég og þú, hann og hún	
Nota loðtölusögur og segja þær í lestrarátt	Gera ritmál sýnilegt	Æfa börnin í framsögn með því að þau fái að segja frá fyrir framan barnahópinn	
Lesi sömu sögurnar aftur og aftur			
Nota myndrænan stuðning við athafnir og hegðun			
Æfa sig í vikudögum og mánuðum			
Tilfinningalæsi, vera læs á eigin tilfinningar og annarra			

Markmiðið er að efla orðaforða og málskilning með lestri bóka og söng. Leitast skal við að setja orð á hluti og athafnir, fá börnin til að segja frá og tjá sig með orðum, að setja upp lestrarhvetjandi umhverfi.

Námsmarkmið í heilbrigði og velferð 2-4 ára

Börnin eru hvött til að smakka allan mat sem á boðstólum er	Dagleg útivera	Áhersla er lögð á mikilvægi hreinlætis	Að börnunum sé búin aðstaða til leiks og skapandi starfs á degi hverjum
Boðið er upp á ávexti 2 x á dag, í ávaxtastund og í nónhressingu	Skipulagðar hreyfistundir undir stjórn kennara eru 1x í viku	Börn þvo hendur eftir salernisferðir, fyrir máltíðir og andlit og hendur að máltíð lokinni	Að börnin læri að tileinka sér hugmyndafræði Jákvæðs aga
Boðið er upp á grænmeti með öllum mat	Börnin eru hvött til hreyfinga og gönguferða um leiksvæðið í útivist	Börnin fari í hvíld eftir hádegismatinn þar sem þau sofa	Að kennarar sýni góðvild og festu um og sýni sér og börnunum virðingu í samskiptum
Boðið er upp á vatn með öllum máltíðum og vatn og mjólk í nónhressingu	Stytttri vettvangsferðir eru felldar inn í daglegt starf	Þau börn sem ekki sofa læri mikilvægi þess að vera í ró og slökun og hlusta á tónlist eða sögu	Að börnin fái þjálfun í að nota verkfæri Jákvæðs aga
Kenna börnunum almenna borðsiði og notkun hnífapara	Hreyfileikir eru hluti af hópastarfi	Börnin læri um tannheilsu og mikilvægi þess að hafa hreinar tennur og borða hollt	Börnin fái kennslu í jákvæðum félagslegum samskiptum
			Börnin læri að tileinka sér hringamyndum og reglur barnafunda þar sem þau læra að bera fram óskir sínar
			Kennarar veiti börnunum snertingu, bros og hlýju
			Kenna börnunum að koma orðum yfir tilfinningar sínar og bregðast við þeim

Leggja skal áherslu á að börnin fái hollan og góðan mat úr sem flestum fæðuflokkum daglega. Fái útivist og hreyfingu sem hæfir aldri. Lögð er áhersla á jákvæð samskipti og að börn og kennarar sýni hvert öðru umhyggju í leik og starfi. Einnig er lögð áhersla á að kenna börnunum umhirðu sem við kemur matmálistímum og daglegu hreinlæti.

Námsmarkmið í sköpun 2-4 ára

Myndsköpun	Tónlist	leikur og leikræn tjáning	Menning
Börninn vinna verkefni tengd þemum vetrarins	Börninn syngja daglega í söngstundum	Börninn hafa aðgang að búningum og fá tíma í leik með þá	Börninn fá aðgang að farandleikhúsum þegar það býðst
Börninn hafi sem fjölbreyttastan efnivið í listasmiðju	Börninn syngja undir leiðsögn tónlistarkennara 1x í viku	Kennarar hvetja börnin áfram og eru þátttakendur í ímyndunarleik með þeim	
Börninn læri um grunnliti í listsköpun	Börninn fá tækifæri til að kynna hinum ýmsu hljóðfærum hjá tónlistarkennara	Börninn fara í hring og hreyfileiki og hreyfa sig eftir tónlist.	Börninn taka þátt í uppákomum svo sem á öskudaginn, mæta í búningum, syngja fyrir aðra
Börninn vinni jólagjöf handa foreldrum með aðstoð kennara	Börninn fá tækifæri til að hlusta á margskonar tónlist, þau fá einnig danskennslu og hreyfa sig eftir tónlist	Börninn fá danskennslu þar sem þau geta tjáð sig í dansi og hreyfa sig	
Börninn eru hvött til listsköpunar og teikninga við þau tækifæri sem gefast	Börninn fá tækifæri til að klappa, stappa taktinn og klappa þau orð sem þau þekkja	Leggja áherslu á og gefa börnunum tíma fyrir frjálsan leik, úti sem inni	

Börn hafa mikla þörf fyrir að skapa. Sköpunargleðin og ímyndunaraflíð fær að njóta sín í gegnum leik með fjölbreyttan efnivið. Sköpunarferlið skiptir meira máli en útkoman þ.e.a.s. gleðin við að skapa, fá að prófa sig áfram með efnivið, gera tilraunir á eigin forsendum. Sköpun fer fram í gegnum leik, umræður, hreyfingu, tónlist, leiklist, myndsköpun, dans o.s.frv.

Markmiðið er að efla sjálfstraust barnsins

Námsmarkmið í samfélag og menning 2-4 ára

Heimilið mitt	Heimilið og gamli tíminn	Skólinn og nánasta umhverfi	Ýmis verkefni
Við skoðum mismunandi hús, berum þau saman við heimili okkar, veltum fyrir okkur hverjir búi í þeim og hvaða atvinnu þeir stundi	Nútíma heimili og heimili fyrri tíma borin saman	Börnin skoða nánasta umhverfi leikskólans, íþróttasvæði, tjörnina, framhaldsskólann og Reykjadalssá	Börnin gera myndir úr margs konar efnivið eftir vettvangsferðir
Við leggjum á minnið hvað húsin heita og hvað okkar hús heita	Við skoðum myndir frá því í gamla daga og berum saman við heimili nútímans. Skoðum einnig fatnað barna í gamla daga og nú.	Við förum í nestisferðir t.d. á íþróttasvæðið og veltum fyrir okkur hvernig nesti börn fyrri tíma hafi haft og hvaða íþróttir þau stunduðu	
Við ræðum um: Hvernig er húsið mitt hvað er í húsinu mínu Hver á heima í húsinu mínu Hvað er í kringum húsið mitt	Við ræðum um þorramatinn og hvernig eldhúsin voru í gamla daga og hvernig fólk gat geymt matinn	Förum í vettvangsferð upp í skóg og upp að vörðu.	Börnin tína köngla til frekari vinnslu heima í leikskóla. Taka með sér trjágreinir og annað sem á vegi okkar veður í skóginum sem nýta má við föndur
Börnin búa til heimili sín úr púðum og teppum, dýnum stólum og pappakössum	Gamli og nýi tíminn Farartæki Störf Hlutverk fullorðinna og barna		
	Börnin leika með leggi, skeljar kjálka, völu og steina		

Markmiðið er að nemendur kynnist sínu nærsamfélagi á sem víðtækastan hátt, m.a. með vettvangsferðum, læri að þekkja sögu okkar menningararfleifð. Ef til vill getum við fengið sýnishorn af gamla tímanum frá safnahúsi Húsavíkur til skoðunar.

Námsmarkmið á lýðræði og mannréttindi 2-4 ára

Virðing	Lýðræði	Umhyggja	Jafnrétti
Við umgöngumst eigur, leikskólans og barnanna af virðingu.	Nemendur hafa í frjálsum leik tækifæri til að velja sér viðfangsefni, hvar þau vilja leika sér, með hverjum og með hvaða leikföng.	Við æfum okkur í að setja okkur í spor annarra og sýna skoðunum og tilfinningum þeirra, bæði barna og fullorðinna virðingu.	Í leikskólanum eru leikföng ekki aðgreind sem t.d. sérstök stelpu eða stráka leikföng. Allir hafa jafnan rétt á að leika með allt dót.
Nemendur fá tækifæri til þess að skapa á eigin forsendum (fá að gera sjálf, t.d. perla, mála, klippa ofl.)	Í hópastarfi æfum við okkur að ræða málin þar sem allir fá tækifæri til að tjá sig og við hlustum á það sem aðrir hafa að segja.	Við berum umhyggju fyrir umhverfi okkar og jörðinni. Leggjum metnað okkar í að ganga vel um og hirðum upp rusl þegar við getum.	Við leggjum áherslu á að kenna börnunum að hjálpast að og skiptast á, þannig að hver einstaklingur fái notið sín á eigin forsendum.
Við tökum tillit til þeirra sem þurfa að hvíla sig/sofa í leikskólanum og leyfum þeim að hafa næði til þess.	Nemendur taka virkan þátt í umræðu um veðurfar og klæðnað og eru hvött til að velja sér sjálf útifatnað miðað við veður.	Við leggjum áherslu á góð og jákvæð samskipti og viljum með því kenna börnunum að umgangast aðra af hlýju og nærgætni.	

Mikilvægt er að nemendur læri að tjá skoðanir sínar og tilfinningar á þann hátt að aðrir skilji þá og tileinki sér að hlusta á viðhorf annarra. Markmiðið er að börnin læri að gera málamiðlanir og komast að sameiginlegri niðurstöðu um málefni sem skipta þau máli. Þau læra að taka tillit til annarra og bera virðingu fyrir umhverfi sínu og samferðamönnum.

Námsmarkmið fyrir frjálsan leik 2-4 ára

Lýðræði mannréttindi og jafnrétti	Læsi	Sjálfbærni	Sköpun	Vellíðan
Öll börn hafa rétt á að leika sér, óháð bakgrunni, menningu og mismunandi þörfum	Við leggjum áherslu á að leikur barna styðji við læsi og samskipti á fjölbreyttan hátt	Við nýtum náttúrulegt umhverfi okkar til leikja og fróðleiks.	Dagskipulag býður upp á sveigjanleika til þess að koma til móts við nemendur og gefa þeim rúman tíma fyrir skapandi leik	Starfsfólk sér til þess að öll börn fái að taka þátt í leik á sínum forsendum og að enginn sé útilokaður frá þátttöku
Mikilvægt er að starfsfólk finni leiðir til þess að öll börn geti verið þátttakendur í leik	Börnin hafa frjálsan aðgang að fjölbreyttum bókum til að nýta í leik	Við notfærum okkur efnivið sem við söfnum okkur úr nærumhverfi leikskólans	Við bjóðum upp á frelsi í vali á viðfangsefnum og leikföngum þannig að hugmyndaflug barnanna fái best notið sín	Mikilvægt er að öll börn upplifi sig örugg og gilda þátttakendur í leik og starfi
Við ræðum saman um mikilvægi þess að allir eigi jafnan rétt til þess að taka þátt og hafa áhrif á leikinn	Með lestri bóka öðlast börnin sameiginlega reynslu sem nýtist í leiknum	Við nýtum árstíðirnar fyrir þemabundna vinnu/nám. (t.d. farfuglar á vorin, blóm á sumrin, mismunandi fasi vatns eftir tíðarfari)	Í útiveru fá börnin frelsi, rúman tíma og umhverfi þar sem skapandi hugsun fær að njóta sín í ýmiskonar leikjum	Starfsfólk fylgist vel með líðan barna í frjálsum leik og sé tilbúið að veita þeim stuðning ef erfiðar tilfinningar koma fram í leiknum
Við leggjum áherslu á að allir nemendur séu meðvitaðir um réttindi og skyldur sínar í samskiptum við aðra og nýtum barnasáttmála sameinuðu þjóðanna í þeirri vinnu	Við stuðlum að upplýsingalæsi barna með fjölbreyttum merkingum, t.d. myndmáli og rituðu máli í bland á leikföngum og umhverfi barnanna í leikskólanum			Starfsfólk hjálpar nemendum að þekkja styrkleika sína. Þegar þeir gera sér grein fyrir eigin möguleikum geta þeir betur tekist á við áskoranir sínar

Markmiðið er að með fjölbreyttum kveikjum og efnivið ýtum við undir sjálfsprottinn leik sem er mikilvægasta námsleið barna á leikskólaaldri.

Unnið í Leikskólanum Krílabæ 10. maí 2024 af

Birnu Óskarsdóttur deildarstjóri og
Kristrúnu Kristjánsdóttur kennara